

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar
Knarrabergi
601 Akureyri

Reykjavík 14. júní 2019
UST201906-088/B.S.
10.04.01


**Efni: Drög - Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 - 2024 - breyting - flutningslína
raforku. Umsögn**

Vísað er til bréfs Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar dags. 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög.

Fjallað er um mögulega staðsetningu og útfærslu Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3 á skipulagssvæðinu. Áhersla er helst á Blöndulínu 3.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að aðaláhersla sé lögð á að leggja línur meðfram öðrum mannvirkjum í stað þess að taka alfarið nýtt land undir línurnar. Einnig að skilgreind eru svæði þar sem nefndin telur að skoða ætti aðra útfærslu s.s. jarðstreng eða færslu línunnar. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædd drög.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur